



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 10.tbl.

Nóvember 2016

**Aðventukvöld í
Arnesi
4. desember
kl. 20:00.**

**Árlegt aðventukvöld verður
haldið í Félagsheimilinu
Arnesi á öðrum sunnudegi í aðventu,
4. desember nk. kl. 20:00**

**Ræðumaður: Kjartan Þorkelsson,
lögreglustjóri á Suðurlandi.**

Sem fyrr munu nemendur úr Þjórsárskóla
og fermingarbörn setja sterkan svip á
samkomuna í leik, söng og upplestri.
Þá mun kirkjukórinn syngja jólalög undir
stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur.

Boðið upp á léttar
kaffiveitingar eftir
dagskrána.





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5.des. 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

S: 486-5505

Nýjar bækur komnar!!! ☺

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Munið nýja opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

*Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa
Alla daga, allan daginn.*

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.




Kveðjuhóf til heiðurs læknumum Gylfa og Pétri 30. nóvember í Aratungu.

Læknarnir okkar í Uppsveitum Árnassýslu til meira en 30 ára, þeir Gylfi Haraldsson og Pétur Skarphéðinsson eru að láta af störfum um þessar mundir. Þeir hafa verið einstaklega farsælir í sínum störfum og hlúð að heilsufari íbúanna með miklum sóma. Það má því ekki minna vera en þeir verði heiðraðir með kveðjuhófi.

Hófið verður haldið miðvikudaginn 30. nóvember í Aratungu með fjölbreyttri dagskrá og kaffiveitingum og hefst það kl 19:00.

Veislustjóri verður Halldór Páll Halldórsson rektor Menntaskólans á Laugarvatni.

Við vonumst til að íbúar í læknishéraðinu sjái sér fært að mæta.



Undirbúningsnefndin.






***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.***

***Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.***





Þessar myndir áttu að koma í fréttabréfi í september en koma í staðinn núna. Þetta eru myndir úr ferðinni sem börnin í Leikholt fóru í lok ágúst í Slakka. Þar fengu þau að skoða dýrin, leika sér í leiktækjunum, borða pylsur, svala og ís og allt í boði Helga og fjölskyldu í Slakka. Við þökkum kærlega fyrir okkur. Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.





Basar — Basar — Basar

Basar Kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn í Brautarholti sunnudaginn 20. nóvember kl 14.00



Þar verður til sölu ýmiskonar handverk, kökur, skart
og að ógleymdri tombólunni sem hefur verið mjög vinsæl.



Nemendur frá tónlistaskólanum koma fram.
Kaffi, kakó og vöffur verða seldar á staðnum.
Vonumst til að sjá sem allra flesta.
Kveðja, nefndin.



Haustfundur kvenfélags
Gnúpverja var haldinn í
Vestra Geldingaholti þann
11. október sl. Samhliða
fundarstörfum var borðuð
yndælis fiskisúpa og
nýbakað brauð sem þau
Sigfús og Josefine töfrðu
fram.

Kærar þakkir fyrir góðar móttökur Sigfús og Josefine.
Á fundinum voru fjórir heiðursfélagar heiðraðir; Jenný Jóhannsdóttir, Rosemarie
Þorleifsdóttir, Sigrún Björk Björnsdóttir og Helga Óskarsdóttir.
Þær fengu að gjöf smá þakklætisvott fyrir vel unnin störf og óeigingjarnt starf í
þágu Kvenfélags Gnúpverja. Með þeim á myndinni eru Sigríður Björk Gylfa-
dóttir varaform. og Bryndís Baldursdóttir, gjaldkeri.

F.h. Stjórnar. Sigríður Björk.



Jólatónleikar í Skáholtsdómkirkju



9. desember 2016 kl. 20:00



Einsöngvarar:

Þóra Gylfadóttir, sópran
Egill Árni Pálsson, tenór

Kórar:

Kirkjukór Ólafsvalla og
Stóra-Núpssókna og
Skálholtskórinn.

Kammerhópurinn

Cameractica:

Ármann Helgason, klarinett.
Hildigunnur Halldórsdóttir,
fiðla.

Svava Bernharðsdóttir, víola.
Sigurður Halldórsson, selló.
Jón Bjarnason, orgel.

Stjórnendur:

Jón Bjarnason og
Þorbjörg Jóhannsdóttir



Klassísk jóladagskrá

**Frumflutningur á jólalagi eftir
Björgvin P. Valdimarsson**



**Aðgangseyrir 2.500,-
Allir velkomnir og njótum!**

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps!

Vinnu miðar vel við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins og hvetur sveitarstjórn íbúa til að koma með hugmyndir og ábendingar um skipulagið. Ákveðið Hann mun verða auglýstur eftir áramótin. Endilega sendið okkur hugmyndir og/eða ábendingar á

kristofer@skeidgnup.is. ☺

Sveitarstjóri.

Færeyjaferð Kvenfélags Gnúpverja 3. - 6. júní 2016.

Föstudaginn 3. júní fór Kvenfélag Gnúpverja til Færeyja og voru 40 manns sem fóru í ferðina.

Flugið var með Atlantic Airways frá Reykjavíkflugvelli um hádegi til Færeyja og lent á Vágar flugvelli um miðjan dag. Eyjan sem flugvöllurinn er á heitir Vagey.

Leiðin lá síðan með rútu til Þórshafnar um Vágsgöng sem eru 4.9 km og eru neðan-sjávargöng þau tengja saman Vágey og Streymey. Gist var á Hotel Havn í miðbæ Þórshafnar.

Laugardagurinn 4. júní var farið með rútu í Gjögvi og á leiðinni mátti sjá steindrangana KELLINGUNA OG RISANN og stærsta fjall í Færeyjum sem heitir Slættartindur og er 882 m.

Gjögvi þeir Gjá, þar eru stórfenglegir klettaveggir sem mynda gjá, gjáin hefur verið notuð sem skipalægi um aldir. Kirkjan á Gjögvi er frá 1929, en skólinn frá 1884.

Byggðin var fyrst nefnd árið 1584 en er efalaust eldri en það.

Í Gjáargarði var borðaður Færeyskur hádegisverður, sem smakkaðist vel og að sjálf-sögðu fengum við okkur snafs og öl. Gjáargarður er bæði veitingahús og gistiheimili. Þar var rekið fyrsta farfuglaheimili í Færeyjum fyrir rúmlega 40 árum.

Síðan fórum við til Fuglafjarðar sem er heimabær Bergleifs. Í Fuglafirði búa um 1600 manns. Bærinn er þekktur fyrir að þangað sigla oft Íslensk loðnu og kolmunaskip með afla sinn. Þar er einnig stærsta Sildarverksmiðja Færeyinga. Stoppað var á veitingahúsinu Múntra og í Handverkshúsinu.

Síðan lá leiðin til Þórshafnar og keyrt í gegnum marga smá bæi í Austurey og Streymey. Stoppað var í Gøtu þar er talið að Þrándur í Gøtu hafi átt bú. Teknar voru myndir af Þrándi í Gøtu. ☺

Einnig stoppuðum við í Hógvík og skoðuðum fjósið hjá Páttursson en fjósið er frá Arnari Bjarna og Berglindi í Landstólpa. Páttursson var rausnarlegur og bauð öllum upp á góðar veitingar. Við þökkum Páttursson fyrir góðar móttökur.

Eina brúin yfir Atlantshaf sem vitað er um er á milli Austurey og Streymey.

Sunnudagur 5. júní. Í hádegini var farið í messu í Havnar kirkju og einhverjir fóru til Noisey með smá ferju og sumir misstu af ferjunni ☺ Farið var með rútu í Kirkjubö, þar var Biskupasetur á miðöldum og var því helsti sögustaður í Færeyjum. Í Kirkjubö er elsta kirkja Ólafskirkja, hún er frá 12. öld og er enn í notkun, múrinn eru rústirnar af ófullgerðri dómkirkju, Magnúsarkirkju sem byrjað var að reisa um 1300. Veggir kirkjunnar standa enn og eru rústirnar á Heimsminjaskrá UNESCO.

Í húsinu sem við fengum veitingar í Kirkjubö hefur Páttursson ættin búið síðan 1557.

Þar býr í dag Jóhannes Páttursson og þökkum við þeim fyrir góðar móttökur og frábæra sögu Kirkjubæjar. Sunnudagskvöldið var farið í Færeyskan dans á Argjum og fengum við að stíga dansinn með þeim og þeir sungu. Þeir buðu okkur up á Brennivín og Áka-víti. Kvenfélagið færði þeim gjöf í þakkarskyni. Þetta var virkilega gaman. Farið var út að borða öll kvöld í hópum og mannlífið skoðað. Við fengum frábært veður þessa daga sól og blíðu.

Fararstjóri ferðarinnar var Davíð Samúelsson og var hann frábær leiðsögumaður, við þökkum Davíð fyrir skemmtilega og góða fararstjórn.
Jóhanna Reynisdóttir og Bergleif Gannnt Joensen rituðu ferðasöguna.



Ferðalangar í Færeyjum.

Leikrit.!!

Á næsta ári verður Ungmennafélag Gnúpverja 90 ára og langar okkur í leiknefndinni að setja á fjalirnar söngleikinn

„þið munið hann Jörund.“

Þetta er skemmtilegt verk eftir Jónas og Jón Múla Árnasyni með góðum söngvum. Leikstjóri verður Vilborg Halldórsdóttir.

Nú auglýsum við eftir fólki. Hugmynd, að byrja að æfa í janúar og febrúar og sýna í mars.

Tökum veturinn á léttum nótum og syngjum og tröllum...hæ..hopsasí..hæ hopsa..sa..!!

Hafið samband við leiknefnd. Sjáumst..!!

Sigrún Fossnesi s. 486-6079 fossnes@uppsveitir.is

Sigprúður Eystra-Geldingaholti s. 846-5247 gibba@pax.is

Þóra Haga s. 482-2929 thora29@gmail.com





Starfsfólk Þjórsárskóla lagði land undir fót og hélt til Noregs 14. október sl. Við fengum styrk frá Erasmus til að skoða útikennslu í Noregi. Það var glaður hópur sem lagði af stað eldsnemma á föstudagsmorgni. Flugði gekk vel og við fundum gististað okkar fljótt í Osló. Við gistum á farfuglaheimili sem heitir Haraldsheim. Þar gistum við allar næturnar í tveimur herbergjum. Frekar þröngt var um okkur en vel fór á með öllum hvort sem þeir voru í efri eða neðri koju. Fyrsta daginn notuðum við til að kynna Oslóborg og samgönguleiðum. Á laugardeginum héldum við árshátíð skólans og borðuðum saman á veitingastað sem Lovísa Daðadóttir frá Birkikinn vannur á. Á sunnudeginum fórum við í 5 klst langa gönguferð meðfram á, sem rennur í gegnum Osló, og kallast Elvan. Þar mættum við þúsundum kvenna, sem voru í nokkurs konar kvennahlaupi og var gaman að fylgjast með þeim. Áttum við í erfiðleikum með að halda aftur af Bente og Hafðísi sem vildu óðar taka þátt í þessu hlaupi. Á mánudeginum var vaknað um klukkan 6 og haldið í sporvagn. Þar sem hann stoppaði urðum við að reyna að átta okkur á hvar við áttum að taka strætó því leiðbeiningarnar voru að strætóinn væri vestan við lestrarstöðina. Við náðum réttum vagni, sem betur fer, þar sem hann fór á klukkustundarfresti. Við vorum enn í Osló þegar við komum á leiðarenda en óneitanlega minnti umhverfið á sveit. Við hittum þar skólastjóra Markaskolan. Markaskolan er skóli sem tekur á móti börnum sem fara í útivist allan daginn. Þar var skógarvinna, hjólaþema, kajakþema og ýmislegt tengt útivist. Við fórum inn í skóg ásamt skólabörnum í 5. bekk. Þar fylgdumst við með útikennslu og hvernig kennarar skólans tengdu útiveruna ýmsum námsgreinum. Eftir skógarferðina gafst okkur tækifæri til að spyrja starfsmenn skólans spurninga. Einnig fengum við að skoða skóla sem var í næsta húsi. Sá skóli er elsti starfandi skóli Oslóborgar og líktist mjög Þjórsárskóla. Skólinn er fyrir nemendur í 1.-7. bekk eins og hjá okkur og nemendafjöldi svipaður. Eftir langa útiveru kvöddum við starfsmennina og héldum til baka. Næsta dag vöknudum við aftur klukkan 6 og nú urðum við að hafa hraðar hendur. Leiðinni var heitið til Hamar sem er í einnar og hálftrar klukkustundar ferð frá Osló með lest. (Næst við Lilammer) Þar var tekið á móti okkur á lestarstöðinni. Birtust þar tveir starfsmenn Naturskolen og óku okkur í skólann sinn. Þar fengum við fyrirlestur um starfsemi skólans. Naturskolen er leiðbeinandi fyrir aðra skóla í héraðinu. Starfsmenn skólans fara í skólana í nærumhverfinu og hjálpa þeim við útikennslu.



Kennsla fer ekki fram í skólanum sjálfum en þeir taka á móti börnum með ýmiss konar hegðunarvanda. Þar fá börnin að hjálpa til við ýmislegt eins og að smíða kofa og fleira. Við förum svo með þeim í einn af skógunum í grenndinni. Þar þurftum við að leita að börnum sem voru þegar mætt. Við gengum á hljóðin frá þeim og fylgdumst með hvernig þau fenguðu smádýr í umhverfinu. Eftir það keyrðu þeir félagar okkur að leikskóla sem sérhæfir sig í útivist og fengum við að skoða umhverfið þeirra sem var mjög skemmtilega uppsett. Eftir góðan málsverð sem skólinn bauð upp á förum við aftur með lestinni heim. Á miðvikudeginum héldum við heim á leið og eitthvað höfðu töskurnar okkar þyngst í millitíðinni. Ferðin heppnaðist mjög vel en veðrið hefði mátt vera betra þar sem þoka og rigning byrgðu útsýn.

Frídagur kvenna

Í tilefni að frídegi kvenna 24.október ákváðu stúlkurnar í 5.-7.bekk að hætta að læra kl. 14.38 og velta fyrir sér launamun kynjanna. Þær bjuggu til veggspjöld sem þær hengdu upp í skólanum til þess að vekja athygli á málstaðnum.



Bangsa og náttfatadagur

Fimmtudaginn 27. október var bangsa- og náttfatadagur. Þá komu allir í náttfötum og með sinn uppáhaldsbangsa. Leikskólinn var í heimsókn þennan dag og bangsarnir voru einnig með í skólastarfinu. Við sögðum frá bangsanum okkar, heyrðum bangsasögu, förum í bangsagöngutúr og bangsastórfíska-leik. Gaman saman.



Leikskólinn í skólann

Það er líflegt og glaðlegt hjá okkur á fimmtudagsmorgnum í skólanum. Þá koma elstu börn leikskólans sem eru 7 talsins og taka þátt í skólastarfinu með nemendum í 1.-2. bekk. Þemað fram að jólum er Kárius og Baktus og líkaminn.

Dagurinn byrjar á sögustund og síðan eru verkefni unnin á fjölbreytum stöðvum sem eru undirbúnar af Kristínu, Lilju og Hauki. Þarna má nefna Numicon, trölladeig, beina-grindur, stærðfræðispil, tölvustöð með fingraleykjum og myndlistastöð. Vinnan á stöðvunum gengur vel og er góður liður í aðlögun yngri barnanna að nýju skólalagi.



Jól í skókassa - Árlega tekur Þjórsárskóli þátt í verkefninu Jól í skókassa. Það er hluti okkar í verkefninu um sjálfbærni. „Jól í skókassa“ er alþjóðlegt verkefni sem felst í



því að fá börn og fullorðna til þess að gleðja börn sem búa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim gjafir. Skókassarnir verða sendir til Úkraínu. Góðar umræður spunnust í kringum þessa vinnu um kærleik og hjálpssemi og einnig hvernig hægt er að endurnýta og gefa hlutum sem við erum hætt að nota nýtt líf. Bestu kveðjur Kristín og Bolette.

Hátíð í Þjórsárskóla!

Miðvikudaginn 16. nóvember kl 13:00 ætlum við að halda hátíð í Félagsheimilinu Árnesi! Við erum að fá Grænfánann afhentan í sjöunda sinn. Við ætlum að halda upp á dag íslenskrar tungu með upplestri og í lokin ætla nemendur að sýna okkur hvað þeir hafa lært í dansi hjá Silju.

Allir velkomnir, foreldrar, afar og ömmur og aðrir velunnarar skólans.

Bestu kveðjur,

Bolette.



Jólatónleikar í Skálholtsdómkirkju

3. desember 2016 kl. 17:00

Sameinaðir kirkjukórar Rangárþings- eystra.

Stjórnandi: Guðjón Halldór Óskarsson

Skálholtskórinn. Stjórnandi: Jón Bjarnason

Karлакór Selfoss. Stjórnandi: Skarphéðinn Þór Hjartarson

Jóhann Stefánsson og Vilhjálmur I Sigurðsson leika á trompeta


Jón Bjarnason og Guðjón Halldór Óskarsson leika á orgelið

Marianna Másdóttir syngur einsöng. Aðgangseyrir 2.000,-



Ó syng þínum Drottni!

Geisladiskur sameiginlegs kórs Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna sem gefinn var út um síðustu jól er til sölu í Sunnlenska Bóka- kaffinu á Selfossi, Bókabúð Máls- og menningar, Laugavegi 18 Rvík., Lyfju Laugarási, Þorbjörgu Jóhannsdóttur, organista og Kristjönu Gestsd. 863-9518. Efni disksins eru valdir sálmar eftir sr. Valdimar Briem sem kórinn syngur og orgelverk sem Haukur Guðlaugsson leikur á orgelið í Skálholti. Katrín Briem teiknaði myndir við sálmana í textahefti sem fylgir og mynd á forsiðu disksins er málverk af sálmaskáldinu, eftir Ásgrím Jónsson, list- málara.





Kæru sveitungar.

Þar sem óðum stýttist í jólaföstu vil ég vekja athygli á eftirfarandi:

Sem fyrr verður hægt að kveikja á rafljósum í kirkjugörðum

prestakallsins nú á aðventunni. Til að standa straum af kostnaði vegna rafmagnsnotkunar ofl. hafa sóknarnefndir prestakallsins ákveðið að setja upp 1000 kr. gjald fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er við rafmagn. Er fólk beðið um að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur: 0152-05-264429 kt. 491098-3339

Ólafsvellir: 0152-15-371512 kt. 490269-3399

Hruni: 0325-26-18952 kt. 640169-2229

Hrepphólar: 0325-26-9068 kt. 640169-3039

Að venju verður helgistund í Hrepphóla kirkju í tengslum við ljóstendrun á leiðum í garðinum þar og verður **hún laugardaginn 26. nóvember kl. 15. Kaffihressing á eftir.**

Á fyrsta sunnudegi í aðventu, **27. nóvember nk., verður aðventukvöld í Hrunakirkju kl. 20:30. Ræðumaður: Egill Helgason, stjórnmalaskýr- andi og umsjónarmaður Kiljunnar.** Kirkjukórinn syngur aðventu- og jólalög. Flutt verður jólasaga. Léttar kaffiveitingar í safnaðarheimili Hrunakirkju á eftir.

Árlegt aðventukvöld verður haldið í Félagsheimilinu í Árnesi á öðrum sunnudegi í aðventu, 4. desember nk. kl. 20.

Ræðumaður: Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi.

Sem fyrr munu nemendur úr Þjórsárskóla og fermingarborn setja sterkan svip á samkomuna með leik, söng og upplestri. Þá mun kirkjukórinn syngja jólalög undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur. Léttar kaffiveitingar eftir dagskrána.

Allar upplýsingar um kirkjustarf í prestakallinu má nálgast á heimasíðunni **hruni.is** og á **facebook.com/hrunaprestakall**. S.



Sjáumst í kirkjunni

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur





Skósveinar í Leikholti í skipasmíði



Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi.

Allir eru hjartanlega velkomnir,

vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.





Tímapantanir í síma 863-0433.






Leikholtsfréttir

Tíminn hér í Leikholti líður mjög hratt og hér eru allir hópar að bralla ýmis verkefni. Af okkur er helst að fréttast að börnunum er alltaf að fjölga og eru þau nú orðin 25 talsins, þrír hópar með 18 börnum í Vörðufelli og 7 börn í tveimur hópum í Heklu. Á myndunum sjáist þið myndir af börnunum á Náttfata- og Bangsadeigi og myndir frá Skósveinahóp að smíða skip og láta þau fljóta.






Einnig eru myndir af börnunum að taka á móti fyrsta snjónum þann 28. október þau voru sko ánægð með hann þótt hann hafi varað stutt í þetta sinn.

Bestu kvæður úr Leikholti.



Gaman úti í snjónum



35. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnosi miðvikudaginn 2. nóvember 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A.

Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Rauðikambur ehf. Framkvæmdir við Reykholtslaug. Magnús Orri Schram mætti til fundar og greindi frá áformum félagsins Rauðakambs ehf um lagfæringar á sundlauginni við Reykholt í Þjorsárdal og áformum um uppbyggingu á svæðinu.
2. Fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun 2016. Viðaukar. Sveitarstjóri lagði fram drög að viðaukum við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016. Viðaukar taka til allmargra málaflokka. Viðaukar gera ráð fyrir að nettó útgjöld vaxi um 12.760 þkr. Útgjaldaaukningu verði mætt með lækkun á handbæru fé. Fjárfestingaáætlun gerir ráð fyrir nokkrum breytingum milli liða. Áætlunin gerir ráð fyrir 8.815 þkr. hækkunar útgjalda vegna fjárfestinga. Verði þeirri aukningu mætt með lækkun á handbæru fé. Ofangreindir viðaukar samþykktir samhljóða.
3. Fjárhagsáætlun 2017 og 2017 – 2020. Fyrri umræða. Sveitarstjóri lagði fram og útskýrði drög að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 og 2017-2020. Farið var yfir helstu atriði fjárhags-áætlanna. Samþykkt að vísa ofangreindum fjárhagsáætlunum til síðari umræðu.
4. Tillaga að útsvarsprósentu og fasteignagjöldum 2017. Tillaga lögð fram og kynnt. Tillögu vísað til síðari umræðu.
5. Tillaga að gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2017. Tillögu um gjaldskrá vísað til síðari umræðu.
6. Erindi frá Einari Bjarnasyni. Varðar búsetu starfsmanna Landsvirkjunar í sveitarfélaginu. Einar Bjarnason lagði fram svohljóðandi bókun: Í Skeiða og Gnúpverjahreppi er líklega stærsti vinnustaður sveitarfélagsins staðsettur í Þjorsárdal en er þó með þeim annmörkum að aðeins brot vinnuaflsins þar er búsett í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps leggur til að skipuð verði nefnd til að ræða við fulltrúa Landsvirkjunar um

möguleika og leiðir til hvetja bæði núverandi og tilvonandi starfsmenn Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu til að taka upp búsetu hér í nærsamfélaginu. Svohljóðandi greinargerð lögð fram: Það hlýtur að vera til mikilla hagsbóta fyrir bæði sveitarfélagið og viðkomandi fyrirtæki að stærra hlutfall vinnu-
aflsins hafi búsetu í viðkomandi sveitarfélagi. Bæði styrkir það stöðir sam-
félagsins og viðkomandi vinnuveitandi fær betri nýtingu á vinnuframlagi
starfsmanna sinna og þeir að mínu mati meiri og betri samveru með sinni fjöl-
skyldu.

Það hlýtur því að vera nokkuð ljóst að hagsmunir sveitarfélagsins, Lands-
virkjunar og starfsmanna þess liggja algjörlega saman hér og ættu að taka að
minnsta kosti umræðu um hvort ekki sé hægt að koma á einhverjum hvötum
til að fá starfsmenn þess til að taka upp búsetu hér. Jafnframt er sjálfsagt að
hvetja Landsvirkjun til auka við starfsemi sína hér enda verður hér til stór
hluti af þeim verðmætum sem fyrirtækið byggir á.

Sveitarstjórn tekur heilshugar undir bókunina og felur oddvita að kynna málið
fyrir yfirstjórnendum Landsvirkjunar.

7. Húsnæðismál. Gunnar Örn Marteinsson og Halla Sigríður Bjarnadóttir lögðu
fram svohljóðandi tillögu : Sveitarstjórn samþykkir að skipa starfshóp til að
kanna möguleika og þörf á að auka framboð á íbúðarhúsnæði í sveitarfélag-
inu. Starfshópurinn skal skila niðurstöðu fyrir 1.mars 2017. Tillaga samþykkt
samhljóða. Samþykkt að skipa Gunnar Örn Marteinsson og Skafta Bjarnason í
starfshópinn. Sveitarstjóra falið að vinna með starfshópnum.
8. Öldrunarmál. Rætt var um stöðu öldrunarmála í sveitarfélaginu.
9. Uppgjör við Orna ehf. Lagt var fram erindi þar sem Orna ehf fyrrverandi
leigutakar félagsheimilisins Árness og tjaldsvæðis óskar eftir að sveitarfélagið
kaupi af félaginu salernishús sem staðsett er á tjaldsvæði við Árnes. Kaupverð
2.975 þkr. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að ganga frá kaupunum.
10. Hestaaðstaða í Hólaskógi. Erindi frá Sveini og Elwiru. Erindi frá Gesti
Þórðarsyni. Báðir aðilar leggja fram beiðni um að taka hesthús í Hólaskógi
og tilheyrandi aðstöðu á leigu. Ekki er samþykkt að leigja umrædda aðstöðu
að svo komnu máli.
Gunnar Örn Marteinsson lagði fram svohljóðandi bókun :
Ekki er hægt að fallast á að rekstur í Hólaskógi verði ekki áfram með
svipuðum hætti og verið hefur alla tíð. Ekki hefur enn verið samið við nýjan
rekstaraðila en væntanlegur samningur hlýtur að tryggja að ekki verði breyt-
ing frá því sem verið hefur, það er að staðurinn verði áfram opinn þeim sem
þar vilja gista og rekstraraðillar sjái jafnframt um þjónustu við hestamenn.

Hestatengd ferðapjónusta hefur í mörg ár verið með talsverðum blóma í sveitarfélaginu, Hólaskógur hefur alla tíð verið þessum aðilum mikilvægur í sínum rekstri, það getur því ekki verið að sveitarstjórn sættist á annað en að reksturinn verði áfram á líkum nótum og verið hefur.

11. Vegamál. Ástand vegar frá Sandlækjarholti að Þrándarholti Erindi frá Oddi Bjarnasyni lagt fram þar sem hann bendir á lélegt ástand reiðleiðar frá Sandlækjarholti að Þrándarholtsafleggjara. Ekki sé annað verjandi en benda á hættur á þeirri leið. Hún sé niðurgrafin og dýblaut. Mikil umferð sé um veginn af hestahópum. Sérstaka áherslu vekur Oddur á hversu mjór vegurinn er og stutt í djúpa skurði samhliða veginum. Oddur óskar eftir því að sveitarstjórn ýti á að Vegagerðin geri tilheyrandi úrbætur sem draga megi úr þeirri miklu hættu sem þarna er á því að stórslys verði. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir ábendingar Odds og felur sveitarstjóra að senda tilheyrandi erindi til Vegagerðarinnar.
12. Landsáætlun um uppbyggingu. Innviða náttúru- og menningarminjum. Beiðni um umsögn. Lögð var fram Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum skv. bráðabrigðaákvæði við lög nr. 20/2016 Drög að áætlun vegna verkefna ársins 2017. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða landsáætlun.
13. Skipulagsmál í Árnesi. Lagðar voru fram tillögur að breytingum á skipulagi í hverfinu við Árnes. Lagt fram og kynnt.
14. Fundargerð 119.f Skipulagsnefndar, mál 5 og 6 þarfnast afgreiðslu:
Mál nr. 6. Réttarholt A lnr 166587: Verslun og þjónusta : Breytinga á nýtingu lóðar : Aðalskipulagsbreyting – 1610004. Óskað er eftir breytingu á aðal-skipulagi svæðis sem nær til lóðarinnar, ásamt heimild til að vinna deiliskipulag fyrir landið. Óskað er eftir að svæðið verði skilgreint sem verslunar – og þjónustusvæði. Horft verði til þjónustu á svæðinu fyrir hestaferðir. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti að lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar verði kynnt skv 1.mgr 30 gr Skipulagslaga.
Mál nr. 7. Geldingaholt 5. Sumarhús viðbygging. Stækkun sumarhúss að Geldingaholti 5. Heildarstærð eftir stækkun 108,9 m². Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingafulltrúa.
15. Fundargerð 27. fundar Skólanefndar frá 24.10.2016. Fundargerð lögð fram og kynnt.

- 16.Fundargerð Ferðamálaráðs uppsveita. 20.10.16. Fundargerð lögð fram og kynnt.
- 17.Fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Fundargerð lögð fram. Á aðalfundinum var lagður fram ársreikningur 2015 ásamt fjárhagsáætlun 2017. Ársreikningur og fjárhagsáætlun samþykkt.
- 18.Fundargerð Menningar- og æskulýðsnefndar 27.10.2016. Fundargerð lögð fram og kynnt.
- A. Í fundargerðinni kemur fram fyrirspurn nefndarinnar eftir áformum sveitarstjórnar um byggðahátíð á árinu 2017. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að haldin verði byggðahátíð á árinu 2017.
- B. Á fundinum var fjallað um ungmennaráð. Tilnefning nefndarinnar um Ástráð Sigurðsson, Guðmund Ágústsson og Iðunni Ósk Jónsdóttur í ungmennaráð samþykkt samhljóða. Auk þess er samþykkt að Halla Sigríður Bjarnadóttir verði ráðinu til stuðnings við mótun starfsins.
- Styrkbeiðnir*
- 19.Neistinn Beiðni um styrk. Fríða Björk Arnardóttir fyrir hönd Neistans styrktarsjóðs hjartveikra barna óskar eftir styrk til samtakanna. Samþykkt að styrkja samtökin um 20.000 kr.
- 20.Krabbameinsfélagið. Beiðni um styrk. Krabbameinsfélagið óskar eftir styrk til starfseminnar. Samþykkt að styrkja félagið um 20.000 kr.
- Samningar*
- 21.Samningur. Íslenska Gámafélagið um sorpþjónustu 2016-2020. Samningur samþykktur með fyrirvara um að ferðum til hirðingar heyrúlluplasts verði ekki fækkað frá því sem verið hefur. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.
- 22.Samningur. Georg Kjartansson um Fráveituframkvæmdir í Brautarholti. Máli frestað þar sem gögn hafa ekki borist. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá samningsgerð og undirrita fyrir hönd Sveitarfélags.
- 23.Samningur við Eypór Brynjólfsson. Samningur um rekstur Neslaugar 2017 við Eypór Brynjólfsson. Samningur staðfestur.
- 24.Samningur um sölu á Heiðargerði. Þarfnast staðfestingar.
25. Önnur mál.
- I. Kristján Guðmundsson óskaði eftir stuðningi að fjárhæð 35.000 kr vegna lagfæringar á grafreit í Skáldabúðum. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð 175 fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands
- B. Fundargerð 249 fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands
- C. Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 05.10.16.
- D. Svar við bréfi frá Eftirlitsnefndar sveitarfélaga.
- E. Fundargerð 26 fundar stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga 4.10.16.
- F. Uppbyggingarsjóður Suðurlands vegna ungmenna.

Fundi slitið kl 18:36.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 7. desember næstk.



Feðgar á ferð á DVD diskum

Fréttamaðurinn Magnús Hlynur Hreiðarsson og sonur hans, Fannar Freyr hafa gefið út DVD disk með þáttum sínum „Feðgar á ferð“, sem sýndir voru á Stöð 2 sumarið 2015 og 2016. Um er að ræða tvo diska með tuttugu þáttum þar sem skemmtilegt og jákvætt fólk er heimsótt. Þeir sem eru ekki með Stöð 2 og hafa því misst af þáttunum geta nú horft á þá alla.

Í þáttunum eru 16 systkinin frá Kjóstöðum m.a. heimsótti, 80 ára afmæli Björns bónda í Úthlíð er gerð góð skil, farið er í sauðburð á Skarð í Landsveit, Guðni dósasafnari á Þverlæk er heimsóttur, 15 ára myntsafnari í Flóanum er sóttur heim og einn þáttur er um skrítnustu hunda landsins og annar um þá staðreynd að ekkert kynlíf er á himnum, svo eitthvað sé nefnd. Diskarnir verða seldir í gegnum heimasíðuna www.fedgaraferd.is og í Krónunni á Selfossi og í Krónunni í Lindahverfinu í Kópavogi.

Feðgar á ferð – jólagjöfin 2016



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



Einföld rúllugreip Frábært verð

Kr. 79.251 m/vsk



Rúllugreip sem tekur tvær rúllur
Með glussatjökkum til að færa armana inn og út



Kr. 345.464 m/vsk

Rúllugjafahringir

Fyrir
sauðfé,
hross og
nautgripi



Rekstrargangur
Flokkunarhlið



Hliðgrindur



SUEVIA

Brynningarskálar - Vatnskör



Hringgerði



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir


Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalði Fjaraskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.
skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.

Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com





Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP

facebook



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir

maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimþjónustu sigrun@laugaras.is

Á bak við eldavélina!



Loftur Erlingsson í Tröð kemur hér með framandi rétt. Gefum honum orðið.

Ja nú kom vel á vandan.

Það er að vísu rétt hjá Magneu í Þrándarholti, sem skoraði á mig í síðasta fréttabréfi, að ég kann að meta góðan mat. En það er ekki þar með sagt að ég kunni að elda hann. Takk samt fyrir áskorunina Magnea.

Ég hef átt því láni að fagna um ævina að hafa í kringum mig hæfileikafólk í matargerð og hef komist upp með að koma mér að mestu hjá flókinni elda-mennsku. En ég bjarga mér þó ef á þarf að halda og elda gjarnan bjúgu í barna-skarann ef betri helmingur bregður sér af bæ lengur en dagpart. Ég er meira að segja orðinn frekar flinkur í að búa til hvítan jafning!

En nóg um það.

Mig langar að deila með ykkur rétti sem er mjög einfaldur og fljótlegur en verður þó, að ég held mér sé óhætt að fullyrða, að teljast frekar framandi, enda upprunn-inn í Japan. Um hollustuna ætla ég ekki að fjölyrða enda er ég löngu búinn að tapa áttum í því hvað er hollt og hvað ekki, - dæmi bara hver fyrir sig.

Við þurfum tvær litlar dósir af Ora túnfiski í olíu,

5-7 temmilega slurka í matskeið af soðnum hrísgrjónum, sykur og soyasósu.


Ég útbý réttinn gjarnan til að nýta hrísgrjónaafganga sem stundum falla til.

Við byrjum á að tæma úr túnfiskdósunum á stóra pönnu og kindum vel undir.

Losum fiskinn í sundur og jöfnum yfir alla pönnuna þannig að það séu engar stórar flyksur neins staðar. Þegar byrjar að snarka í þessu, bætum við hrísgrjón-unum samanvið. Nú er gott að taka sér í hönd spaða og saxa hrísgrjónin saman við fiskinn þannig að allt blandist vel og jafnt saman.

Þetta tekur oft dálitla stund, en um að gera að vanda þetta. Líka þarf að lækka hitann svo ekki brenni.

Þegar kominn er góður kássubragur á þetta er komið að sykrinum og mér finnst gott að vera ekki að spara hann, miða gjarnan við að útlitið á kássunni verði líkt því að gert hafi dagott slydduél á útjörð og gránað í rót.



Aftur notum við spaðann og blöndum öllu vel saman.

Að lokum hellum við slatta af soyasósu úti og þá er best að smakka sig áfram því það er ekki gott að setja of mikið. Og þetta er nú allur galdurinn. Má borða hvort sem vill heitt eða kalt.

Mér finnst gott að drekka eplasafa með réttinum, en eflaust gerir hvítvín svo sem sama gagn.

あなたが良いだろう (Anata ga yoidarou) sem þýðir:

verði ykkur að góðu, á japönsku, samkvæmt google translate.

Mig langar að skora á vin minn og veiðifélaga Ralf í Glóruhlíð, að koma með uppskrift í næsta fréttabréf.

Kveðjan kær,

Loftur Erlingsson.



Tómstundastyrkurinn

Minnum á að hægt er að enn að sækja um tómstundastyrk fyrir árið 2016 og eru aðstandendur barna á aldrinum 6– 18 ára hvattir til að ganga frá því fyrir áramót. Rafræn umsókn á inn á skeidgnup.is/

Stjórnkerfið/Eyðublöð og umsóknir



TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar Grímnlesið, Bláskóga- byggð, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Með kv. TAXI DRIVER **776 0810 & 783 1224**

Hlýtt er í skammdeginu og stjórnarkreppunni.

Það tíðarfar sem við búum við þessa dagana getur varla átt margar hliðstæður. Maður undrast hvað birtan er stutt þegar maður getur verið léttklæddur úti við. Skammdegið er að mínu mati sjarmerandi árstími ef allt gengur greiðlega fyrir sig. Nú er niðurstöður alþingiskosninga skýrar, en óvíst hvernig ríkisstjórn tekur við landinu. Allt fer það einhvern veginn, eins og Bjartur í Sumarhúsum sagði. Við íbúar þessa hrepps nýttum kosningarétt okkar vel og það er þakklætisvert.

Málefni aldraðra

Um ríflega þriggja áratuga skeið hefur verið rekið dvalarheimili fyrir aldraða á Blesastöðum. Það hefur verið gert af miklum myndarskap. Í fyrstu var heimilið rekið af stofnandanum, Ingibjörgu Jóhannsdóttur og síðar af dóttur hennar Hildi Hermannsdóttur. Nú er því miður komið að leiðarlokum dvalarheimilisins og starfseminni hefur verið hætt. Það má fullyrða að vistmenn heimilisins hafa notið einstaklega góðrar og persónulegrar umönnunar. Það ber að þakka þetta merka starf. Það er vissulega eftirsjá af heimilinu. Engu að síður hefur maður fullan skilning á því að eigendur heimilisins hafi tekið þessa ákvörðun, þar sem rekstri sem þessum er sífellt þrengri stakkur skorinn af hálfu ríkisins. Það er óumflýjanlegt að spurt sé hvað sé framundan í öldrunamálum á Suðurlandi. Mér sýnist ekki vera raunhæft að reikna með að uppsveitir Árnessýslu sameinist um að byggja dvalar- eða hjúkrunarheimili. Sitt sýnist hverjum um það. Það væri á margan hátt uppsveitunum til framdráttar að slík starfsemi byggðist upp á einum stað, mætti þar nefna staði eins og Brautarholt, Laugarás eða Flúðir. Það hefur verið ákveðið að byggja upp öldrunarheimili á Selfossi og líklegt er að sú uppbygging sem verður í þessari grein í sýslunni muni að mestu leyti fara fram á Selfossi. Á margan hátt liggur það vel við. Leiðir flestra liggja þangað. Það á líklega við um flesta sem komnir eru á efri ár að kjósa að vera sem lengst á sínu heimili og gera sveitarfélög almennt sitt besta í að svo megi verða. Persónulega er mér það afar mikilvæg að aldraðir fái sómasamlegan aðbúnað og vil ég beina því til ráðamanna þjóðarinnar að sjá sóma sinn í að gera verulega bragarbót á málefnum aldraðra á því kjörtímabili sem er að hefjast.

Framkvæmdir

Hæst ber um þessar mundir umfangsmiklar fráveituframkvæmdir eru að hefjast við hverfið í Brautarholti, má ætla að kostnaður við þær fari vel á þriðja tug milljóna. Í félagsheimilinu í Brautarholti hafa verið endurnýjuð gólfefni að hluta og verður slíkum lagfæringum haldið áfram á næstunni.

Fjárhagsmálin.

Undanfarnar vikur hefur umtalsverð vinna farið í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017 og gróflegar áætlunar fyrir árin 2018-2020. Átætlanirnar hafa verið teknar

til fyrri umræðu. Síðari umræða fer fram 7 desember nk. Fram að því verður áætlunin rýnd betur og styrkt. Útlit er fyrir að regluleg starfsemi sveitarfélagsins muni skila viðunandi rekstrarafgangi og geta til fjárfestinga og viðhalds eigna verði talsverð. Það er gert ráð fyrir 3,9 % hækkun verðlags. Nokkur óvissa er með launabáttinn. Þó sveitarfélagið sé ekki stórt eru margir málaflokkarnir fyrirferðarmiklir í hlutfalli við heild rekstrar og efnahags.

Lausafjárstaða sveitarfélagsins er mjög góð um þessar mundir og vænti ég þess að rekstrarniðurstaða þessa árs verði vel viðunandi. Tel ég flest benda til að um viðsnúning verði að ræða frá síðasta ári, en það var þungt í rekstri af ýmsum ástæðum.

Búsetukostir.

Sveitarfélagið stóð fyrir gerð stuttrar kvikmyndar fyrir skömmu og hefur hún fengið gríðarmikla athygli. Þar er bent á þau lífsgæði sem bjóðast hér í sveitarfélaginu, ég vona að íbúar geti almennt verið sammála um að hér er gott að búa. Lengi má þó gott bæta, fólki verður tíðrætt um að hér sé skortur á húsnæði. Það er óneitanlega staðreynd, ég er viss um að fleiri myndu setjast hér að ef framboð af húsnæði væri aukið. En fjölgun í sveitarfélaginu hefur verið mikil að undanförnu, engu að síður. Meðal sveitarstjórnar hefur verið rætt um húsnæðismál af og til. Á síðasta fundi sveitarstjórnar voru þau mál á dagskrá og skynja ég mikinn vilja í þeim efnum frá minnihluta sem og meirihluta. Ég geri mér vonir um að sá vilji muni skila áþreifanlegum árangri áður en langt um líður.

Ég er ekki í neinum vafa um að sveitarfélagið hefur burði til að vaxa í íbúum og gæðum talið. Mjög er í tísku að tala um innviði. Hér eru þeir til staðar.

Lifið heil. Kristófer Tómasson



„Allt er breytingum háð“

Fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins - þróun á tímum örra breytinga.

Málþing um ferðaþjónustu í Uppsveitum Árnessýslu, verður haldið í Golfskálanum á Efra-Seli, Hrunamannahreppi (Flúðum) fimmtudaginn 17. nóvember kl. 13:00-16:00.

Frummælendur verða:

Einar Á.E. Sæmundsen fræðslufulltrúi Þjóðgarðsins á Þingvöllum og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu.

Einnig verða sagðar reynslusögur fyrirtækja á svæðinu og almennar umræður. Ekkert stendur í stað, vöxtur í ferðaþjónustu hefur breytt starfsumhverfi fyrirtækja og býður upp á fjölbreytt ný viðfangsefni og áskoranir

Allir velkomnir

Vetraropnun: Alla daga. kl.11:00 -22:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Hélsuind frá landnámi

<http://www.fontana.is>

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Stækkun Búrfellsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skotveiðibann

Öll rjúpnaveiði og önnur skotveiði er
stranglega bönnuð á framkvæmda-
svæði virkjunarinnar í landi Skeiða-
og Gnúpverjahrepps

*Sveitastjóri Skeiða- og
Gnúpverjahrepps*

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Styðjum félagið okkar þegar við tökum þátt!



802

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2016
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug



Frá 01. september - Open

Miðvikudaga: Wed. 18 - 22

Laugardaga: Sat. 12 - 18

Fullorðnir: 14 – 69 ára700 kr.

Adults 14 – 69 years old

10 miða afsláttarkort.....4.000 kr.

10 tickets discount card

20 miða afsláttarkort.....6.000 kr.

20 tickets discount card

Börn: 8– 13 ára400 kr.

Children 8 – 13 years old

10 miða afsláttarkort2.000 kr.

10 tickets discount card

Sundföt – leiga500 kr.

Swimwear

Handklæði – leiga500 kr.

Towel



**Neslaug og
Skeiðalaug eru á**

facebook

Fylgist með
þar ☺

Skeiðalaug

01. september - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thu. 18 - 22

Frítt fyrir 70 ára og eldri.

**Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skírteinis.**



**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.**

**Vörur tengdar sundi seldar í
afgreiðslum lauganna.**

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

**Aðeins er ca. 12 mínútna
akstur á milli lauganna.**

**Eyþór Brynjólfsson.
Umsjónarmaður sundlauga.**

Skeiða- og Gnúpverjahreppur